

Aðkomubátar undir 15 rúmlestum brúttó, greiði 3 krónur. Bátar og skip,, heimilis- 119  
föst á Breiðdalsvík, 10 til 30 rúml. greiði kr. 3.00 af hverri brúttórúmlest á ári, en 30. júlí  
skip yfir 30 rúmlestir greiði kr. 4.00 af hverri brúttórúmlest árlega.

Minni bátar greiði 15 krónur á ári.

Bryggjugjald reiknast fyrir hverjar 24 klst. og brot úr þeim.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um  
hafnargerðir og lendingarbætur, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni  
öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 30. júlí 1957.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Brynj. Ingólfsson.*

## AUGLÝSING

120

6. ágúst

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Borgarneshrepps, Mýrasýslu,  
nr. 85 14. júní 1942.

2. gr. orðist svo:

Af öllum húsum í hreppnum, sem vatni er veitt í, skal greiða árlegan vatns-  
skatt, 1% af fasteignamatsverði hússins, þó skal lágmark skattsins vera kr. 100.00  
fyrir hvert íbúðarhús.

Nú er hús, er greiða ber af vatnsskatt, ekki virt fasteignamatsvirðingu, og  
ákveður þá hreppsnefnd skattinn.

3. gr. orðist svo:

Auk vatnsskatts samkvæmt 2. gr. skal greiða vatnsskatt fyrir hreyfivélar, verk-  
smíðjur, frystihús, hvers konar þvottastöðvar, sláturhús, iðnfyrirtæki og fyrir vatn  
til hvers konar slíkrar notkunar umfram venjulega heimilisnotkun.

Aukavatnsskattur, samkv. 1. mgr. þessarar greinar, skal vera 90 aurar fyrir  
hvern teningsmetra. Þar sem svo hagar til, sem í 1. mgr. segir, skal hreppsnefndin  
ákveða vatnsskattinn eftir áætlaðri notkun og samkv. verðlagi 2. mgr.

Nú sættir húseigandi eða vatnsnotandi sig ekki við ákvörðun hreppsnefndar  
um aukavatnsskatt, og getur hann þá krafizt þess, að vatnsnotkun hans verið mæld  
um mánaðar skeið, eftir vali hreppsnefndar, og verður aukavatnsskattur þess árs þá  
ákvarðaður hlutfallslega við þá mælingu.

Verð á vatni, sem selt er til skipa á höfninni, skal vera kr. 10.00 fyrir hverja  
1000 lítra.

Hreppsnefnd er heimilt að breyta gjaldskrá þessari, til hækkunar eða lækk-  
unar, um allt að 50%.

Reglugerðarbreyting þessi, sem hreppsnefnd Borgarneshrepps hefur samið og  
samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög  
nr. 95 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og  
birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 6. ágúst 1957.*

**F. h. r.**

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

B 28